

80
6. ágúst

BRÁÐABIRGÐALÖG

um aðstoð við togaraútgerðina á árinu 1954.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að rannsókn milliþinganefndar, sem kjörin var á síðasta Alþingi til þess að rannsaka hag togaraútgerðarinnar, hafi leitt það í ljós, að hallarekstur togaraútgerðarinnar sé nú svo mikill að veita verði henni sérstaka aðstoð nú þegar, ef unnt á að vera að halda togurunum úti til áramóta. Þar sem telja verður brýna nauðsyn að koma í veg fyrir almenna stöðvun togaraflota landsmanna eru því hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1954 að innheimta sérstakt leyfisgjald af innflutningsleyfum fyrir bifreiðum. Má gjald þetta nema allt að 100% af fob-verði bifreiðanna og innheimtir innflutningsskrifstofan gjaldið um leið og leyfi er afhent, sbr. þó 5. gr.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast leyfisgjaldið við tollmat bifreiðanna, að frádregnu flutningsgjaldi og váttryggingargjaldi.

2. gr.

Gjald það, sem innheimt er samkvæmt 1. gr., skal renna í sérstakan sjóð, sem er eign ríkisins.

Úr sjóði þessum skal greiða togaraútgerðinni rekstrarstyrk á árinu 1954. Eigi má greiða hverjum einstökum togara meira fé úr sjóðnum en nemur kr. 2000.00 fyrir hvern dag, sem skipinu sannanlega er haldið úti til veiða á tímabilinu 1. ágúst til 31. des. 1954.

3. gr.

Sjóð þann, er um ræðir í 2. gr., skal geyma á sérstökum reikningi í Landsbanka Íslands.

Stjórn sjóðsins og greiðslu styrkja úr honum skal fela tveimur mönnum. Skipar fjármálaráðherra annan, en sjávarútvegsmálaráðherra hinn.

Kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins greiðist af fé hans.

4. gr.

Ríkisstjórnin sker úr, ef ágreiningur er um hverjar bifreiðar skuli gjaldskyldar samkvæmt 1. gr., svo og ef ágreiningur er um verð það, sem gjaldið miðast við.

5. gr.

Nú hefur innflutningsleyfi verið veitt fyrir bifreið áður en lög þessi öðlast gildi, en hún eigi verið tollafgreidd fyrir gildistöku laganna, skal þá tolyfirvald heimta gjald samkvæmt 1. gr. þegar tollafgreiðsla fer fram.

Nú hefur bifreið verið tollafgreidd fyrir gildistöku laga þessara og skal þó heimilt að krefja um leyfisgjald samkvæmt lögnum, ef leyfi til tollafgreiðslu bifreiðarinnar hefur verið veitt með fyrirvara um innheimtu gjaldsins síðar, ef það yrði á lagt. Ber innflytjandi slíkrar bifreiðar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

6. gr.

80

Þar sem talað er um ríkisstjórnina í lögum þessum er átt við ríkisstjórnina í heild. 6. ágúst

7. gr.

Ríkisstjórnin setur reglur um framkvæmd laga þessara. Má í þeim reglum m. a. ákveða mismunandi gjald af leyfum fyrir ýmsum tegundum bifreiða innan þeirra marka, er greinir í 1. gr., og einnig, að bifreiðar til ákveðinna nota séu gjaldfrjálsar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. ágúst 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

AUGLÝSING

81

um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Sovétríkjanna.

7. júlí

Hinn 19. júní 1954 var undirritað í Moskva samkomulag um viðskipti milli Íslands og Sovétríkjanna.

Samkomulag þetta gildir frá 1. júlí 1954 til 31. desember 1955.

Samkvæmt samkomulagi þessu er gert ráð fyrir að frá Íslandi verði flutt út freðfiskur, saltsild og freðsild.

Helstu útflutningsvörur frá Sovétríkjunum verða brennsluoliur og benzín, kornvörur, sement, járnþrá, steypustyrktarjárn, koks og antrahcitkol.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 7. júlí 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Sigurður Hafstað.

AUGLÝSING

82

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Danmerkur.

7. júlí

Hinn 11. júní 1954 var undirritað í Reykjavík samkomulag um viðskipti milli Íslands og Danmerkur.

Samkomulagið gildir fyrir tímabilið 15. marz 1954 til 14. marz 1955.

Samkvæmt samkomulaginu er gert ráð fyrir að frá Íslandi verði flutt út saltsild, saltfiskur, niðursoðnar sjávarafurðir og söltuð hrogn. Enn fremur sildarlýsi og sildarmjöl.